

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi, Menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/196
komudagur 24.11.2008

Umsögn. Háskóli á Ísafirði (heildarlög) 46 mál, lagafrumvarp 136. löggjafarþingi, þingskjal 46.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til samþykktar 52. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið á Tálknafirði þann 7. og 8. september 2007.

52. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Tálknafirði 7. – 8. september 2007 samþykkir að stofnaður verði Háskóli Vestfjarða.

Fjórðungsþing Vestfirðinga felur stjórn sambandsins að kalla þegar til fulltrúa Háskólaseturs, sveitafélaga, rannsóknastofnanna, fyrirtækja og félagasamtaka til undirbúnings málinu. Stefna ber að stofnun sjálfstæðs háskóla strax á næsta ári og hefja kennslu haustið 2008.

Í samræmi við ályktunina ræddi stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga við þá aðila sem þar eru tilgreindir. Niðurstaða af vinnu stjórnar sambandsins var rædd á fundum hennar í apríl s.l. Þar kemur fram að það megi ráða af afstöðu þessara aðila, að þeir séu sammála um að góðir áfangar hafi náðst í eflingu kennslu á háskólastigi og rannsóknastarfsemi á Vestfjörðum. Mikilvæg reynsla hafi einnig skapast á skömmum tíma. En til þess að festa þennan árangur í sessi þurfi að hraða þessari þróun, efla þurfi bæði grunn- og framhaldsnám auk þess að efla rannsóknarþáttinn. Leiðir að þessu marki geta verið mismunandi að mati framangreindra aðila, en þeir eru um leið sammála um að niðurstaðan verði að vera sjálfstæður og öflugur háskóli eða sambærileg háskólastofnun.

Á sama tíma og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vann samkvæmt ályktun Fjórðungsþings Vestfirðinga, starfaði nefnd sem Menntamálaráðherra skipaði í september 2007, formaður nefndarinnar er Guðfinna S. Bjarnadóttir, alþingismaður. Nefndinni er ætlað að fjalla um eflingu háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum. Nefndin tók fljótlega til starfa og ræddi við fjölda manna, innan sem utan héraðs. Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að í þeim viðræðum hafi komið fram sambærileg afstaða og sambandið fékk fram í sinni vinnu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga kynnti framangreinda afstöðu með bréfi til Menntamálaráðherra dags. 29. apríl s.l. og ítrekaði þar að fá yrði fram niðurstöðu starfshóps ráðherra um háskólastarfsemi á Vestfjörðum. Ekki leiddi sú málaleitan til beinnar niðurstöðu, en ráðherra hefur þó lýst jákvæðri afstöðu til málsins m.a. í umræðu á Alþingi og á öðrum opinberum vettvangi.

53. Fjórðungsþing Vestfirðinga, sem haldið var á Reykhólum 5. og 6. september 2008, taldi að hér mætti ekki við sitja og samþykkti því nýja ályktun um málið;

53. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Reykhólum dagana 5. og 6. september 2008 fagnar setningu nýrrar námsleiðar á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða.



53. Fjórðungssþing Vestfirðinga ítrekar þó fyrri samþykkt frá 52. Fjórðungssþingi um stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum og kallar jafnframt eftir tillögum nefndar menntamálaráðherra um uppbyggingu háskólastarfs á Vestfjörðum.

Uppbygging háskólanáms og rannsókna á háskólastigi á Vestfjörðum hefur í raun staðið yfir í meira en 15 ár. Fjarnám á háskólastigi á Vestfjörðum hófst í byrjun tíunda áratugarins. Í fyrstu var eingöngu um lotubundið fjarnám og með tölvasamskiptum, en árið 1998 hófst nám með aðstoð fjarfundabúnaðar samhliða hraðri þróun kennsluforrita. Föst aðstaða í héraði var hinsvegar ekki til staðar. Með stofnun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 1999 var komið upp aðstöðu fyrir kennslu og þjónustu við fjarnámsnema. Fjölgaði nú námsgreinum og nemendum hratt og krafan um sérstaka háskólastofnun varð nú sífellt háværi. Með stofnun Háskólaseturs Vestfjarða haustið 2005 var að hluta til komið á móts við þessar kröfur. Háskólasetrið tók við þeim hluta fjarnáms Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er laut að háskólastiginu en hóf jafnframt þróun á staðbundins náms og styttri námskeiða á háskólastigi. Stærsta skrefið var stigið nú í haust er háskólasetrið hóf staðbundið meistaranám í haf og strandsvæðastjórnun. Þar sem háskólasetrið hefur ekki heimild til að útskrifa nema með háskólagráðu, hefur það gert samning við Háskólann á Akureyri útskrift nema. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðum þessara aðila

Á þessu sama tímabili, það er fimmtán árum, hafa rannsóknir og rannsóknarstofnanir á Vestfjörðum verið eflidar verulega. Rannsóknarefni eru í grunnin tengd auðlindum og samfélagi á Vestfjörðum, en hafa um leið innlenda sem alþjóðlega skírskotun. Nefna má rannsóknir er tengjast veiðarfærum, þorskelldi, snjóflóðum, fjölmenningu, strandsvæðum, líffræði refsins og ferðaþjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Nýr háskóli myndi því frá upphafi geta notið kosta framangreinds umhverfis. Við afgreiðslu frumvarpsins þarf því að hafa í huga það að ná fram sem bestri samþættingu og eða samvinnu við starfsemi annarra aðila í héraði s.s. Háskólasetur Vestfjarða, framhaldsskóla, rannsóknastofnanir, stöðstofnanir atvinnulífs, sveitarfélög og atvinnulíf. Með þessum hætti ætti nýr háskóli geta hraðað því ferli að fá viðurkenningu Menntamálaráðuneytis fyrir starfsemi sinni samkvæmt nýjum lögum um háskóla nr 63/2006 og reglugerð ráðuneytisins nr 1067/ 2008.

Það er því mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að til staðar séu allir þeir þættir er varða starfsemi háskóla á Vestfjörðum og tengingu við öflugt rannsóknastarf. Verkefni dagsins í dag er því að ákveða hve langan aðdraganda skal hafa að málinu og setja því nauðsynlegt fjármagn. Frumvarp til laga um Háskóla á Ísafirði er ein aðferð til að koma þessu verkefni áleiðis. Fjórðungssamband Vestfirðinga mælir því með samþykkt frumvarpsins, en við afgreiðslu þess verði gætt að góðri samþættingu við það umhverfi sem þegar er til staðar í menntun og rannsóknum.

Ísafirði 20. nóvember 2008

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 136/67
komudagur 13.11.2008

Alþingi
Menntamálanefnd
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um Háskóla á Ísafirði, 46. mál
Umsögn

12.11.08

Háskólasetur Vestfirðna fagnar öllum tilraunum að skapa hér á Vestfirðum framsækið náms- og rannsóknarumhverfi á háskólastigi, enda markmið Háskólaseturs.

Peter Weiss
Forstöðumaður
450 3045
weiss@hsvest.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/68
komudagur 13.11.2008

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Ísafirði, 11. nóvember 2008
2008110007

Efni: Frumvarp til laga um Háskóla á Ísafirði, 46. mál.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 10. nóvember s.l., var lagt fram bréf frá menntamálanefnd Alþingis dagsett 3. nóvember s.l., ásamt frumvarpi til laga um Háskóla á Ísafirði, 46. mál. Óskað er umsagnar um frumvarpið og að svör berist nefndarsviði Alþingis eigi síðar en 21. nóvember n.k.

Bæjarráð fagnar öllum tillögum er miða að því að festa háskólakennslu og háskólastarfsemi enn frekar í sessi á Vestfjörðum. Jafnframt minnir bæjarráð á fyrri samþykktir bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um Háskóla á Ísafirði og fylgja tvær þeirra hér í bréfinu.

Efni: Ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. febrúar 2005, um háskólanám á Vestfjörðum send menntamálaráðuneyti.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar er haldinn var þann 3. febrúar 2005, var svohljóðandi ályktun, um háskólanám á Vestfjörðum, samþykkt samhljóða.

Ályktun um háskólanám á Vestfjörðum.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vísar í Byggðaaætlun fyrir Vestfirði, sem allar sveitarstjórnir í fjórðungnum samþykktu veturinn 2002. Þar stendur: „Lögð er rík áhersla á að stofnað verði sérstakt háskólasetur á Ísafirði, til að veita háskólanámi þá umgjörð sem nauðsynleg er.” Þessari samþykkt hefur bæjarstjórn fylgt eftir í hvívetna og bindur hún vonir við að sú vinna, sem nú stendur yfir í nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, sé í samræmi við þá samþykkt. Mikilvægi þess að á Ísafirði hefjist formlegt háskólastarf, svo fljótt sem auðið er, skiptir sköpum fyrir þróun byggðar á Vestfjörðum. Því skorar bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar á alla sem hlut eiga að máli, að missa ekki sjónar á markmiðum þeirrar vinnu, sem þegar hefur verið unnin í uppbyggingu háskólasamfélags á Vestfjörðum. Í svo stóru hagsmunamáli, sem uppbygging háskóla er fyrir Vestfirðinga, næst ekki árangur nema að allir leggist á eitt um að vinna að þeim markmiðum, sem sett hafa verið.


Efni: Samþykkt tillaga í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 1. mars 2007, send Háskólasetri Vestfjarða.

Á 220. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, er haldinn var þann 1. mars 2007, var samþykkt svohljóðandi tillaga.

STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar beinir þeim tilmælum til stjórnar Háskóla Vestfjarða, að hafin verði strax undirbúningur að stofnun Háskóla Vestfjarða með það að markmiði að fyrstu nemendur verði innritaðir í janúar 2008. Uppbygging menntunar er lykilinn að jákvæðri byggðapróun og í ljósi þeirra áfalla sem dunið hafa yfir byggðina okkar í atvinnumálum síðustu misseri er það forgangsmál að hér verður settur á fót sjálfstæður háskóli strax.“

Virðingarfyllt



Þorleifur Pálsson

- bæjarritari -



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Kt. 650102-3470 – Pólgötu 2, 400 Ísafirði

Sími 456 3190 – Bréfsími 456 3113

Veff. <http://www.verkvest.is/> – Netf. postur@verkvest.is

Alþingi

Erindi nr. Þ 136/100

komudagur 17.11.2008

Umsögn um frumvarp til laga um Háskóla á Ísafirði

Menntamálanefnd Alþingis hefur sent Verkalýðsfélagi Vestfirðinga til umsagnar frumvarp um Háskóla á Ísafirði, 46. mál, 136. löggjafarþings 2008-2009.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga telur að stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum sé eitt af mikilverðustu framfaramálum þessa landsfjórðungs. Engin ein ákvörðun gæti haft eins víðtæk og jákvæð áhrif í för með sér fyrir atvinnu- og búsetuhætti í héraðinu.

Samtenging atvinnulífs, rannsókna og háskólastarfsemi er hvarvetna í heiminum orðin helsta uppspretta nýsköpunar og þróunar í atvinnuháttum, hvort heldur er í Noregi, Finnlandi, Skotlandi eða Bandaríkjunum. Þessi einkenni má einnig sjá kringum þá háskóla sem starfa hér á landi. Hér hafa Vestfirðingar setið hjá garði. Með því að stofna til háskóla á Ísafirði skapast möguleikar á tengslum atvinnulífs og þekkingarsamfélags til uppbyggingar á þeim sviðum þar sem Vestfirðir hafa þegar haslað sér völl. Má þar nefna uppbyggingu þorskeldis, kræklingaeldis, veiðarfærarannsóknir, rannsóknir á vistkerfi norðurslóða, sambýli manns og náttúru, búsetuþróun og á fleiri sviðum. Eru þá ónefndir möguleikar á rannsóknum og atvinnuþróun sem byggir á menningarsögu svæðisins og tengjast t.a.m. ferðaþjónustu.

Á síðustu tveimur áratugum hafa átt sér stað miklar breytingar í undirstöðu atvinnuvegi Vestfirðinga, sjávarútvegi. Annars vegar hafa aflaheimildir verið skertar. Hinsvegar hafa átt sér stað miklar breytingar í vinnslu sjávarafurða með tæknivæðingu sem fækkað hefur störfum. Ný viðreisn atvinnuvega á Vestfjörðum gæti byggst á tengingu menntunar og rannsókna við umhverfi útgerðar, fiskvinnslu og iðnaðar sem þegar er til staðar á svæðinu.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga vill minna Alþingi Íslendinga á þá staðreynd að Ísafjörður á sér langa hefð fyrir skólalaldi fyrir sjávarútveg og iðnað, allt frá því að fyrst var settur upp stýrimannaskóli á Ísafirði um miðja 19. öld og með stofnun iðnskóla á Ísafirði árið 1905. Félagið leggur mikla áherslu á áframhaldandi þróun á sviði iðn- og tæknimenntunar og annarrar starfsmenntunar á öllum stigum. Stofnun Háskóla á Vestfjörðum er raunhæf krafa allra Vestfirðinga til eflingar byggð og mannlífi.

Ísafirði 17. nóvember 2008

Verkalýðsfélag
Vestfirðinga
Kt. 650102-3470